

Aðalfundur þroskaþjálfafélags Íslands 22. maí 2019.

Dagskrá fundarins:

- a. starfsmenn fundarins kosnir
- b. formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c. gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d. lagabreytingar. Sjá tillögu
<http://www.throska.is/static/files/Adalfundur/2019/lagabreytingartillaga-sem-logd-verdur-fram-a-adalfundi-thi-22.pdf>
- e. kosning í stjórn, nefndir og ráð. Sjá tillögu kjörnefndar
<http://www.throska.is/static/files/Adalfundur/2019/tillogur-kjornefndar-2019.pdf>
- f. kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g. lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h. önnur mál

a. Kosning starfsmanna fundar

Fundarstjóri var kosin Maríanna H. Helgadóttir, formaður FÍN.

Fundarritarar voru kosnir Inga Marín Óskarsdóttir og Þórunn Skúladóttir.

Um 45 þroskaþjálfar mættu á fundinn í Borgartúni 6. Fundinum var streymt auk þess sem fjarfundir voru frá Akureyri og þar voru 7, á Ísafirði 2 og á Egilsstöðum 4.

b. formaður leggur fram skýrslu stjórnar

Skýrsla stjórnar er aðgengileg hér:

http://www.throska.is/static/files/Adalfundur/2019/adalfundur-2019_loka.pdf

Laufey Gissurardóttir formaður Þroskaþjálfafélags Íslands stígur í pontu.

Í stjórn félagsins sitja formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Stjórn er með tengla við ráð og nefndir félagsins.

Verkefni og hlutverk formanns og framkvæmdarstjóra á skrifstofu félagsins snúa að stjórnun félagsins og rekstri þess. Ráðgjöf, kjarasamninga- og stofnsamningagerð eru meðal verkefna sem og að vera með fræðslu og upplýsingagjöf. Einnig var hefðbundið samstarf við NFFS, norræn samtök þroskaþjálfara og AIEJI eða alþjóðleg samtök þroskaþjálfara. Sjóðir og styrkir. Tenging við Netlu. Aðild að þroskahjálpi, fræðsla til háskólanema og vinna við innleiðingu starfsmats svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu var samkvæmt Laufeyju fundað reglulega en alls voru haldnir 12 stjórnarfundir þar sem umfjöllunarefni voru fagmál og kjaramál. Mikil tími fór í vinna aðinnleiðingu á starfsmati, rekstrarmál félagsins og kjaramál.

Þau ráð og nefndir sem starfandi eru innan félagsins eru; fagráð, kjörnefnd, laganefnd sem heldur utan um lögina okkar, útgáfuráð sem gaf út Þroskaþjálfann á þessu ári,

vísindasjóðsstjórn sem hefur með útgjöld á vísindasjóð að gera og siðanefnd sem hefur unnið að nýjum vinnu- og siðareglum.

Stéttarfélagið telur 757 aðila. Trúnaðarmannaráð er að sögn Laufeyjar öflugt en má efla enn meira og telur Laufey það vera sérstaklega mikilvægt núna þegar samningar eru lausir. Þrír skipulagðir trúnaðarmannafundir voru haldnir á starfsárinu.

Kjaramálin eru mikilvæg og mikið rædd, skrifað var undir innleiðingu starfsmats árið 2015 og nú er ár síðan því átti að ljúka en var þá frestað. Það var ekki fyrr en 31. janúar 2019 sem að gengið var formlega frá undirritun allra aðildarfélaga BHM sem sömdu um starfsmat og Sambandið skilaði öllum gögnum til sveitarfélaga þann 21. febrúar.

Laufey talar um mikilvægi þess að allir fylgist með því að fólk fái það sem það hefur rétt á, rétta vörpun, rétt laun og rétt persónuálag. Laufey minnir á mikilvægi þess að vera í bandalagi og að geta unnið saman. Í haust var unnið að kröfugerð með öllum félögum innan BHM og í janúar var hist til þess að kynna helstu áhersluatriði.

Í kjaraumræðu hefur mikið verið rætt um styttingu vinnuvikunnar. Reykjavíkurborg hafði valið vinnustaði í tilraunaverkefnið og svo víkkaði Reykjavíkurborg út verkefnið máttu aðrir vinnustaðir sækja um þátttöku. Verkefnið mátti ekki kosta neitt og mátti heldur ekki skerða gæði þjónustu. Það er erfitt en þó voru nokkrir vinnustaðir félagsmanna ÞÍ sem tóku þátt. Niðurstaðan er að sögn Laufeyjar sú að fólk hefur „hlaupið hraðar“ og að það muni kosta peninga að stytta vinnuvikuna. Stýrihópur er að klára sína vinnu og mun kynna skýrslu þann 6. júní næstkomandi og eftir það verður skýrslanopinbert gagn.

Varðandi Virk starfsendurhæfingu segir Laufey að þar sé mikil aukning, í dag eru ráðgjafarnir fimm. Biðlistinn er langur og telur Laufey það vera áhyggjuefni. Mest er fjölgunin hjá háskólamentuðu fólki.

Aðildarfélögin hafa fest kaup á 4. hæð í Borgartúni 6 og munar miklu um það pláss til funda- og ráðstefnuhalda.

BHM átti 60 ára afmæli árið 2018 og í október var því fagnað með pompi og prakt, framkvæmdarstjóri ÞÍ var í afmælisnefnd sem skipulagði hátíðina.

Anna Steinsen frá KVAN var fengin til þess að halda fyrirlestur fyrir nefndir og ráð félagsins í ágúst og bara fyrirlesturinn yfirskriftina: *hvernig getum við haft áhrif.*

Alþjóðlegur dagur þroskaþjálfar er 1. október, af því tilefni var haldinn morgunverðarfundur þar sem ný lög um þjónustu við fatlað fólk sem tóku gildi 1. október 2018 voru kynnt og fjallað um tengingu þeirra við Samning sameinuðu þjóðanna.

Starfsdagar voru svo haldnir í Hveragerði 24. -25. janúar 2019 og var um metþátttöku að ræða eða alls tóku 234 félagsmenn þátt.

Fram kom hjá Laufeyju að erlent samstarf heldur áfram þar sem ÞÍ á aðild að NFFS eða samtökum norrænna þroskaþjálfar, árin 2017 og 2018 voru það Ísland og Færeyjar sem héldu

utan um stjórnarfund. Félagið hefur sent tvo fulltrúa utan á þessa fundi en haft fleiri fulltrúi á fundum haldna hérlendis.

AIEJI samstarfi verður haldið áfram og að jafnaði eru þeir fundir haldnir tvisvar sinum á ári á mismunandi stöðum. Laufey minntist á samstarf við háskólasamfélagið þar sem útskriftarnemum er boðið til félagsins daginn fyrir útskrift með það fyrir augum að bjóða verðandi þroskaþjálfum velkomna í félagið.

Laufey þakkar öllum þeim sem eru að starfa fyrir félagið. Laufey þakkar fyrir hvað fólk er jákvætt og tilbúið til þess að leggja fram vinnu, segir hún að jafnan gangi vel að fá fólk í þau verk sem félagið þarfnast.

c. gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir stígur í pontu. Vibeke greinir frá því að skipt var um endurskoðanda í ár og að því muni fylgja breytt uppsetning á reikningum. Einnig bókar ekki framkvæmdastjóri lengur þar sem því verki var úthýst fyrir þetta ár. Gjaldaliðurinn “ýmis kostnaður” er útlistaður mun skýrar. Vibeke sýnir og fer yfir rekstrarreikning ársins 2018. Stéttarfélagsgjöld hafa hækkað enda hafi bæði félagsmönnum fjölgað sem og laun hækkað. Vibeke fer yfir eigið fé og skuldir, sjóðastreymi, afkomu ársins, hlutdeild og lækkun á rekstrartengdum eignum. Stafsmannakostnaður hefur m.a. með að gera ráðstefnu- og námskeiðskostnað starfsmanna. Vibeke talar um að félagið eigi ekki mikið fé í verkfallssjóð komi til þess og því þurfi að vera vakandi fyrir að færa fé í þann sjóð. Einnig kemur fram hjá Vibeke hugleiðing um fjölgun starfsfólks á skrifstofu félagsins í ljósi þess að félagsmönnum hefur fjölgað.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal. Anna Lilja bætir því við að framkvæmdarstjóri hefur fram að þessu bókað reikninga en því fyrirkomulagi hefur nú verið breytt. Anna Lilja „matreiðir“ eins og hún orðar það reikninga ofan í bókara og svo er það sent áfram til endurskoðanda. Keypta aðstoð ásamt aukningu á stöðugildum þarf að veða og meta eftir því sem að félagsmönnum fjölga.

Komið er að fyrstu atkvæðagreiðslu fundarins.

Ársreikningur þroskaþjálfafélags Íslands: Fundurinn í Borgartúni samþykkir. Akureyri samþykkir. Ísafjörður samþykkir. Egilsstaðir samþykkir.

Kjaradeilusjóður þroskaþjálfafélags Íslands: Fundurinn í Borgartúni samþykkir. Akureyri samþykkir. Egilsstaðir samþykkir. Ísafjörður samþykkir.

Ársreikningur vísindasjóðs þroskaþjálfafélags Íslands: Fundurinn í Borgartúni samþykkir. Akureyri samþykkir. Ísafjörður samþykkir. Egilsstaðir samþykkir.

d. lagabreytingar

Þóroddur Þórarinsson stígur í pontu og kynnir tillöguna. Lagt er til að síðustu tvær setningarnar úr grein 5. stjórnar félagsins verði teknar út. Sjá hér og tvær síðustu setningarnar eru rauðlitaðar:

Stjórn félagsins

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr sínum hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabilinu, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi. **Engum er heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en fimm kjörtímabil. Fyrri stjórnarstörf formanns og varaformanns eru þó undanskilin.**

Í pontu stígur Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, sú er lagði til lagabreytinguna, til þess að kynna hvernig það var skoðað. Sjá hér; <http://www.throska.is/static/files/Adalfundir/2019/breytingartillaga-5.gr.-laga-thi-2019.pdf>

Samkvæmt Jóhönnu hefur verið stuðlað að almennri umræðu á meðal félagsmanna og hefur breytingartillagan verið vel kynnt trúnaðarmönnum.

Jóhanna telur góð og gild rök vera fyrir breytingunni og vill stefna í sömu átt og flest önnur aðildarfélög hafa gert. Fagleg kosning hafi verið tryggð og samkvæmt Jóhönnu er búið að tryggja grunn til þess að allir geti tekið þátt óháð staðsetningu.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar um lagabreytinguna útí salinn. Engin spurning berst og fer fundarstjóri þá aftur yfir breytinguna og biður um niðurstöður.

Fundurinn í Borgartúni samþykkir en þrír sitja hjá . **Akureyri samþykkir. Ísafjörður samþykkir. Egilsstaðir tveir sammála og ein situr hjá. Greinin skoðast sem samþykkt.**

e. kosning í stjórn, nefndir og ráð

Tillögur til kjörnefndar í stjórn þí kynntar:

<http://www.throska.is/static/files/Adalfundir/2019/tillogur-kjornefndar-2019.pdf>

Fram kemur að á aðalfundi má ekki bjóða sig fram til stjórnar en það má bjóða sig fram í ráð og aðrar nefndir. Fundarstjóri fór yfir allar nefndir og ráð og spurt var hvort fólk vildi bjóða sig fram. Öll framboð voru samþykkt og ekkert framboð bættist við á fundinum.

f. kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara

Skoðunarmenn reikninga kynntir. Laufey kynnir fulltrúa sem stjórn tilnefnir í siðanefnd sem og varamenn.

g. lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld á ákveðin

Anna Lilja Magnúsdóttir kynnir fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2019. Í dag eru félagsgjöld 1,2% af heildarlaunum félagsmanna. Anna Lilja leggur til að félagsgjöld verði frá 1. september 2019 1,1% af heildarlaunum. Anna Lilja sýnir áætlun fagfélagsgjalda og fer yfir aðra liði sem koma fram í fjárhagsáætlun.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá.

Guðný Stefánsdóttir kemur með fyrirspurn: Eru breytingar á félagsgjöldum til samræmis við önnur félög? Anna Lilja svarar því til að meginþorri stéttarféлага greiði félagsgjöld af heildarlaunum. Margir eru ofan við 1% en eru að reyna að komast undir það, lægsta greiðsla frá félagi er 0,6%.

Tekin er til afgreiðslu tillaga um að frá 1. september 2019 verði 1,1% af heildarlaunum sem fer í félagsgjöld.

Fundurinn í Borgartúni samþykkir. Akureyri samþykkir. Ísafjörður samþykkir. Egilsstaðir samþykkir.

Fundarstjóri ber undir að fagfélagsgjöld verði kr. 12.000.

Fundurinn í Borgartúni samþykkir. Akureyri samþykkir. Ísafjörður samþykkir. Egilsstaðir samþykkir.

h. Önnur mál.

Valborg Helgadóttir stígur í pontu og kynnir breyttar úthlutunarreglur vísindasjóðs. Stjórn ÞÍ hefur samþykkt breytingarnar eins og lög gera ráð fyrir og því eru breytingarnar til kynningar á aðalfundi. Meginbreytingin er sú að núna fær hver og einn það sem vinuveitandi hefur greitt inn fyrir viðkomandi og ekki verður þörf á sækja sérstaklega umá. Atvinnurekandi er þegar að greiða þennan lið og nú á að stíga það skref að ekki þarf að sækja sérstaklega um í vísindasjóð heldur fá félagsmenn úthlutun sjálfkrafa og er sjóðurinn greiddur út eigi síðar en 1. mars ár hvert. Frá 16 maí 2020 til 31 desember er greitt út 1. mars 2020. Eftir það er greitt út fyrir heilt ár í senn þann 1. mars árlega.

Laufey Gissuradóttir formaður tekur til máls og þakkar fundarmönnum kærlega fyrir þátttökuna. Laufey talar um sátt við lagabreytingu fundarins og að rauði þráðurinn næstu daga verði í kringum samningamál. Nokkrir fundir hafa verið með Reykjavíkurborg nú þegar og sveitarfélögunum. Aðalfundi þroskaþjálfafélags Íslands árið 2019 er slitið kl. 18.30.